

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 28. júní 2017 að Borgartúni 30.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands mættu Árni Steinar Stefánsson (í síma), Björn Snæbjörnsson og Hjördís Þóra Sigurpórsdóttir (í síma). Frá SNS mættu Benedikt Valsson, Berglind Eva Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. AFL starfsgreinafélag - sérákvæði vegna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Tekið var fyrir erindi sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem óskað var eftir að samstarfsnefndin úrskurði í ágreiningi um framkvæmd sérákvæða sveitarfélagsins og AFLs er varða hlutastarfandi sjúkraflutningamenn.

a. Afhending vaktsíma

Vaktafyrirkomulag hlutastarfandi sjúkraflutningamanna er þannig að þeir standa bakvakt aðra hverja viku. Ágreiningur um að á síðasta ári breytti stofnunin fyrirkomulagi vaktsíma úr því að sjúkraflutningamenn notuðu eigin síma í það að stofnunin léti þeim í té sameiginlegan vaktsíma. Með þessu fyrirkomulagi var starfsmönnum gert að hittast á vaktaskiptum, yfirfara sjúkrabíla og afhenda vaktsíma án þóknunar. Þegar AFL gerði athugasemdir við að ekki væri greitt fyrir þessa mætingu var fyrirkomulaginu breytt í það að þeir sem voru að hefja vakt sóttu símana til þeirra sem voru að ljúka vakt.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að beina þeim tilmælum til HSU að taka ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag á vaktsíma sjúkraflutninga.

Fulltrúar AFLs taka saman nánari upplýsingar um afhendingu vaktsíma sem samstarfsnefnd mun yfirfara á næsta fundi.

b. Orlof

Gildandi sérákvæði viðeigandi kjarasamnings hljóðar svo:

„Sumarleyfi sjúkraflutningamanna skal vera 1 frídagur fyrir hverjar 2 vikur á vakt. Fastráðnir starfsmenn fá sumarleyfi í tvær bakvaktarvikur samtals 14 daga.“

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd felur vinnuveitanda og stéttarfélagi að ræða málið og finna lausn sem sátt næst um.

c. Launaröðun sjúkraflutningamanna

Gildandi sérákvæði viðeigandi kjarasamnings hljóðar svo:

Í stað bakvaktarálags greiðast 2 tímar í yfirvinnu fyrir hvern sólarhring sem bakvakt er staðin. Yfirvinnukaup á bakvakt reiknast út frá launaflokki 120-5 þrepi, óháð launaflokki viðkomandi starfsmanns að öðru leyti. Lágmarks útkall er 4 klst. Sé unnið lengur greiðist að auki fyrir þann tíma sem unnið er. Ef annað útkall kemur innan tveggja klukkustunda frá því að vinnu lauk skal greitt eins og um samfellda vinnu sé að ræða.

Niðurstaða:

Málið rætt.

2. Neysluhlé starfsmanna sem ganga vaktir í tímavinnu

Fulltrúar SGS telja mikilvægt að tryggja jafnræði varðandi neysluhlé milli starfsmanna í vaktavinnu, þ.e. þeirra sem eru ráðnir í fast ráðningarhlutfall og fá greidda 25 mínútur á hverja vakt vegna óreglulegra matar- og kaffitíma og þeirra sem ráðnir eru í tímavinnu.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að athuga þetta betur milli funda.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 17. ágúst nk. kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:50